

Mætt: Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnar Jónsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir og Hörður Guðmundsson húsvörður.

1. Utanhússklæðning á eldri hluta hússins, tilboð í áklæðningu, val á lit, verk taki.

Hörður hefur aflað tilboða frá Áltak og Límtré. Helsti munur er að í tilboð Áltaks er klæðning límd, en Límtré hnoðuð. Verðmunur er um 155 þús. Áltak dýrara. Samþykkt að taka tilboði Áltaks sem hljóðar upp á kr. 2.205.060,- og líma plöturnar. Valinn litur RAL-9010. Til viðbótar kemur kostnaður við að búta efnið niður og beygja, einangrun er ekki inni í tilboði, né vinna. Þá þarf að kaupa lerki í klæðningu undir gluggum í sal. Samþykkt af húsnefnd að Hörður Guðmundsson byggingarmeistari verði verk taki og annist verkið. Anna Jóna vill sjá að verkið gangi þannig að framgangur verði góður og ekki aðrir aðilar teknir fram fyrir í smíðaröð. *Hörður vék af fundi við umræðu um verktaka.*

2. Erindi Ásdísar Helgu verkefnisstjóra.

Ásdís vísar til húsnefndar að taka saman upplýsingar um Végarð, notkun o.fl. og vill að upplýsingar verði gerðar aðgengilegar á heimasíðu hreppsins og jafnvel sent út fréttabréf.

Húsnefnd er sammála um að nægjanlegt sé að upplýsa íbúa með fréttu-eða dreifibréfi og ekki sé ástæða til að setja upplýsingar á heimasíðu.

3. Pantanastaða.

Bókaðar helgar: 5.-7. júní, 19.-21. Júní, 3.-5. júlí, 17.-19. júlí, 31. júlí -2. ágúst.(1 giftingarveisla, 2 fermingarveislur, 2 ættarmót). Dagsbókun 31. maí (fermingarveisla).

4. Önnur mál.

Gólfhiti í stóra sal var tengdur sl. haust. Lekavandamál var við dyr úr anddyri í stóra sal, vonandi er séð fyrir endann á því. Framkvæmdir á sviðsgólfi eru að hefjast, Hörður annast það verk. Leki á wc karla hefur verið lagfærður. Búnaðarmál, keypt/komið: Rafpíanó, sjálfvirk kaffivél, notað sófasett, húsið fékk gefins stóra plöntu (fílafótur).

Rafhleðslustöð á lóð Végarðs: Húsnefnd telur heppilega staðsetningu utan við tengikassa, neðan vegar að gistihúsum. Rætt um að skoðað verði að fá Orku náttúrunnar eða annan slíkan aðila til að setja upp stöð og reka. Hreppurinn myndi þá greiða styrk frá Orkusjóði til þess aðila.

UMF þristur annaðist jólavist að þessu sinni.

Lóð Végarðs hefur stækkað með því að hreppurinn keypti land af Kirkjumálasjóði. Eldri lóð og ný landspilda hafa verið sameinaðar í eina lóð.

Rætt um að koma upp flokkun sorps í Végarði.

Anna Jóna spurði um gólf framkvæmdir í kjallara. Hörður sagðist stefna á það verk í framhaldi af svið framkvæmdum. Rætt um hvaða gólfefnið myndi henta í kjallara, skoða Epoxy eða flísar. Hörður athugar með þetta mál.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:55.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir

Anna Jóna Árnarsdóttir

Gunnar Jónsson

Hörður Guðmundsson